

Dalalæðan

1. tbl. 24. árg., 28. janúar 2011



Kjartan Magnússon (1891-1980) bóndi á Hraðastöðum dregur í dilka í Hraðastaðarétt sem var þar sem íbúðarhúsið Jónstótt stendur núna. Á yngri árum Kjartans tíðkuðust enn fráfarur í Mosfellsdal en nú er þar fátt um fé. Myndin er birt í tilefni af því að um áramótin var timbrinu úr Dalsrétt brennt til kaldra kola.

Aðalfundur Víghóls

verður haldinn í Reykjadal
fimmtudaginn 17. febrúar og hefst kl. 20.00

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf

Lagabreytingar

Önnur mál

Gestir fundarins verða

byggingafulltrúi og bæjarverkfræðingur Mosfellsbæjar

Fjölmennum!

Réttin

Áramótabrennan var á sérstökum stað að þessu sinni, í Helgadal. Þar var brennt timbri úr Dalsrétt og á vissan hátt lauk þar sögu sem staðið hefur allt frá landnámi, þótt enn sé nokkur hundruð fjár í sveitarfélaginu.

Í huga mínum birtast myndir frá fyrri tíð úr fjárréttum í Mosfellssveit. Minningar úr Hafravatnsrétt eru ógleymanlegar: pylsur í

rétt og Hall bónda í Bringum var eitt sinn ort:

*Það er rétt að hérna var rétt
og rollan í dilkinn var sett.*

*Ég man eftir Halli
meinlausum kalli;*

í Bringunum sló hann sinn blett.



Frá blómatíma Dalsréttar.

tjaldi, kaffi og kleinur í gömlum bragga, Kristinn réttarstjóri á Mosfelli gefur fyrirskipanir með gjallarhorni. Og í Mosfellsdal stóð Hraðastaðrétt, þar sem íbúðarhúsið Jónstótt er núna, en um þá

þar kom að menn reistu fjárrétt vestan við Leirvogsvatn til að spara sér rekstur niður í Mosfellsdal og Hafravatn. En tímar Vatnsréttar runnu einnig sitt skeið og Dalsrétt leysti hana af hólmi í fyllingu tímans.

Og síðastliðið gamlárskvöld logaði glatt í timbrinu úr Dalsrétt. Langri sögu var að mestu lokið og við hæfi að það gerðist um áramót þegar horft er fram á veginn til nýrra tíma, þar sem fátt er um sauðfé í breyttri sveit, en einnig um öxl til liðinna ára og alda þegar Dalurinn var hvítur af lagðprúðu fé.

Bjarki Bjarnason

Dalalæðan

1. tbl. 28. árg. 28. janúar 2011

Útgefandi: Íbúasamtökin Víghóll í Mosfellsdal.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Bjarki Bjarnason.

Umbrot og umsjón: Rafn Jónsson. Prentun: Samskipti.

Dalalæðan er prentuð í 150 eintökum. Blaðið er borið út á hvert heimili í Mosfellsdal og einnig sent til brottfluttra Dalbúa.

Merki,afmæli á árinu 2011

80 ára

Árni Reynir Hálfðánarson frá Mosfelli, 11. janúar

Stefán Scheving Thorsteinsson, Árvangi, 22. desember

75 ára

Þórir Ólafsson frá Varmalandi, 27. janúar

Bjarni Bjarnason, Hraðastöðum, 2. júní

Puríður Dóra Hjaltadóttir, Röðli, 27. júlí

70 ára

Klara Þórðardóttir, Hraðastöðum, 9. janúar

Guðrún Bjarnadóttir frá Hraðastöðum, 25. apríl

Magnús Jóhannsson, Hraðastöðum, 19. júní

Valgerður Valgeirsdóttir frá Laugabóli, 5. október

60 ára

Ingigerður Guðbergisdóttir Viðihóli, 3. janúar

Guðrún Sigurðardóttir, Minna-Mosfelli, 16. janúar

Signý Jóhannsdóttir, Furuvöllum, 26. janúar

Sigríður Halldórsdóttir frá Jónstótt, 26. maí

Kjartan Jónsson frá Hraðastöðum, 29. maí

Anna Kristjánsdóttir frá Reykjahlið, 30. desember

50 ára

Ólafur Andrússon frá Laugabóli, 6. apríl

Katrín Skúladóttir frá Röðli, 7. apríl

40 ára

Eiður Páll Birgisson frá Mosfelli, 25. janúar

Guðni Þór Bjarnason, Hraðastöðum, 14. mars

Hanna Guðbjörg Birgisdóttir frá Reykjadal, 9. júní

Jóhann Þór Jóhannesson, Dalsgarði, 27. júní

Eva Lára Logadóttir frá Selholti, 14. júlí

Hulda Þórðardóttir frá Hraðastöðum, 5. september

Benedikt Sævar Magnússon frá Hraðastöðum, 31. október

***Dalalæðan óskar
þessu ágæta fólki til
hamingju.***

Þorralótsannáll Bidða 2001

Ég ætla að tala lítilega um stórbændur og höfðingja í Mosfellsdal og kannski þínulítið um sauðsvartan almúgann en allt er þetta nú samt í einum graut, enda sami sauðasvipurinn á ykkur öllum.

Blótið í fyrra byrjaði frekar dauflega en eftir að þið voruð búin að heimsækja barinn og svolgra í ykkur nokkuð af því sem þar var á boðstólum fór heldur að glaðna yfir samkomunni. Eftir Brak og bresti var ykkur troðið til borðs þar sem þið máttuð sitja eins og síld í tunnu. Hófst svo mikið át. Var síðan etið og drukkið af mikilli græðgi þar til allt var uppurið og meira að segja barinn orðinn tómur, utan tvær flöskur af vondu hvítvíni sem enginn vildi en voru samt drukknar.

Samkvæmt venju var happadrættissvindlið alræmda á sínum stað þar sem stjórnendur þess svindluðu hver um annan þveran og hygðu ættingjum og vinum og sjálfum sér í ríkari mæli en áður. Margir voru orðnir sauðdrukkir og farnir að syngja: *Kátir voru karlar, Undir bláhimni og Yfir kaldan eyðisand.*

Þegar fór að vora í dalnum með tilheyrandi gróanda og björtum nóttum þá riðu þeir bónansa-feðgar í Laxnesi úr hlaði við þriðja mann, vopnaðir virklippum og naglbítum og sögðu girðingum dalsins stríð á hendur, hófu þeir að klippa þær niður hvar sem þeir komu að þeim. Höfðu nú hrossin í Laxnesi loks nóg að bíta og brenna og gátu gengið óhult um öll tún, holt og móa.

Ekki hafði veisla hrossanna í Laxnesi staðið lengi er til sögunnar mætti kona nokkur kjaffor, Guðný að nafni, ættuð frá Laxnesi en allsendis óskyld þeim bónansa-feðgum. Byr hún þar sem heitir í Melkoti og er aðeins holt nokkuð, uppnagað af fyrrnefndum hrossum, milli túna í Laxnesi og Melkoti.

Hafði konan sér til fulltingis hund sinn og hrossabrest, sigaði hún hundinum sem mest hún mátti og hóf upp hrossabrestinn og óskraði sjálf hvað hún gat til að reka af höndum sér þennan ófögnuð sem var á góðri leið með að blóðnaga fyrir henni skrudgarðinn. Hrossin fældust undan látunum í konunni og stukku yfir allt hvað fyrir var; sum lentu í keldum, önnur í sjálfheldu í klettum og enn önnur norður í landi þar sem þau dvelja enn í góðu yfirleti.

Af þeim bónansa-feðgum varð um og ó og skriðu ásamt hundum sínum undir rúmbæli sín og komu ekki undan þeim fyrr en síðsumars. Þetta var upphafið á girðingastríðinu mikla sem reyndar sér hvergi fyrir endann á. Má segja að þetta hafi í nokkru minnt á annað stríð sem háð var í dalnum á annarri öld milli Mosfellsklerks og Ólafs bónda á Hrísrú og lesa má um í Innansveitarkroniku Laxness.

Undirrituðum barst í hendur myndbandsspóla nokkur: *Minjar í Mosfellsdal*. Þarna lágu kýrnar á Hrísrú makindalegar og áhyggjulausar í grænu túni framan á hulstrinu. En aftan á hulstrinu mátti lesa *Minjar í Mosfellsdal*, glæframyndband þar sem staðkunnugir dalakútar og dalalæður greina frá ýmsu misjöfnum um horfna tíð. Farið er milli bæja í hringferð um dalinn, smjattað á kjaftasögum og ýmsu misjöfnum um menn og málleysingja. Með aðalhlutverk fara Bjarki Bjarnason, vindar dalsins og dalakútar sjálfir en um tónlistina sér lúðraþeytarinn í Túnfæti. Framleiðandi Víghóll, samtök glæpalyðs í Mosfellsdal. Sýningartími 135 langar, langar mínútur.

Í myndbandinu blöstu græn tún og engi, kynnt voru helstu höfuðból dalsins þar sem löngum hafa búið stórbændur en hvergi var minnst á kot og hjáleigur, enda býr þar sauðsvartur almúginn sem hefur yfirleitt ekki frá neinu merkilegu að segja. Eftir tregafullan og sorglegan inngang hófst svo myndin með að riðið var að Hrísrú, hvergi sáust hinar sællegu kýr enda munu þær hafa verið í fjósi þar sem frú Ása sat við mjaltir ásamt öðru húsgangslíði. Aftur á móti stóð sjálfur Ólafur bóndi á hlaði úti og tók að vanda vel á móti gestum. Hóf hann að segja ferðalöngum mergjaðar slagsmála- og

Framhald á bls. 7



Kvenfélagið Dalalæðurnar hélt handverks- og hönnunarmarkað í nóvembermánuði og rann ágóðinn af kaffisölunni til Rauðakrossdeildar Kjósarsýslu. Hér má sjá félagskonur afhenda fulltrúa Rauða krossins ágóðann. Talið frá vinstri: Liselotte Widing, Ólöf Ágústa Erlingsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Gísli Friðriksson, Sigríður Sigurðardóttir, Jóna María Kristjónsdóttir, Jóhanna Kjartansdóttir, Guðný Ragna Jónsdóttir, Guðrún Indriðadóttir, Guðrún Karlsdóttir og Ásgerður Gísladóttir. Myndin er tekin á kaffihúsinu á Álafossi.

Árið 2010 var gott og viðburðarrikt hjá Dalalæðum Mosfellsdalsins. Eftir vel heppnaðan jólamarkað 2009 var ákveðið að stofna félagið í janúar 2010 og nú ári síðar eru 34 konur í félaginu.

Vel var mætt á páskabíngó og svo var flóamarkaður í haust þar sem við seldum margs konar varning og góss, föt og fótanuddtæki...svo vorum við með kaffisölu og söfnuðust samtals 270 þúsund krónur sem runnu óskiptar til starfseminnar í Reykjadal á vegum Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Enn fremur keyptum við útlíjós sem við létum líka setja upp í Reykjadal.

Jólamarkaður var haldinn í lok nóvember og gekk ágætlega, þar söfnuðust 35 þúsund krónur í kaffisölu sem runnu óskiptar til Rauða kross Íslands í Mosfellsbæ.

Við höldum jólaball 29.desember þar sem 100 Dalbúar, börn og fullorðnir, afar og ömmur, mættu og skemmtu sér saman, allir komu með eitthvað smá á borðið, Kertasníkir mætti í fullum skrudá færandi börnunum mandarínur og allir skemmtu sér konunglega.

Á fundum ræðum við allt milli himins og jarðar og stefnan er að fá góða gesti til að fræða okkur. Vorið 2010 kom t.d. Jóhanna á Dalsá, garðyrkjufræðingur og Dalalæða með meiru, og fræddi okkur um kryddjurtir og grænmetisræktun. Næst á dagskrá er fundur í febrúar og þá eigum við von á góðum gesti. Það verður páskabíngó í kringum páskana, sumarhátíð í Gvendarreit í sumar og fleira og fleira.

Við hittumst alltaf fyrsta miðvikudag í mánuði kl. 20 í Reykjadal og hvetjum við þær konur sem heima sitja að mæta og kíkja til okkar.

Svava Björk Ásgeirsdóttir

Mógrafir, jarðföll og gjótur



Í bókinni Skáldatíma rifjar Halldór Laxness upp æsku sína í Laxnesi með þessum orðum:

Ég var á fjórða ári þegar faðir minn seldi eignir sínar í höfuðstaðnum og keypti bújörð tuttugu kílómetra burtu, Laxnes. Þar stóð íbúðarhús á tveim hæðum, önnur hálf í kjallara, sjö eða átta herbergi, sem bráðlega varð okkur þó of lítið svo faðir minn stækkaði húsið. Þetta íbúðarhús var í upphafi reist af Vídalínnum tveim, Páli og Jóni. Var annar landsfrægur hrossakaupmaður og flutti út vöru þessa til Skotlands, hinn var stórgrósséri konsúll og miljónari og átti heima í Skotlandi þar sem hann tók á móti hrossunum. Fyrstu endurminningar mínar frá Laxnesi, óðali hrossakaupmannsins, voru kynstur af tómum áfeingisflöskum stórmerkilegum að lit og formi sem þar fylltu króka og kima innanhúss og utan, tættur í túninu, mógrafir, jarðföll og gjótur; svo ég hafði nóg að gera í Laxnesi fyrstu árin að rannsaka þessa dýrð.

Faðir minn hélt stöðu sinni hjá

vegamálastjórninni þó hann tæki upp bústáng í Laxnesi. Ég var uppalinn á annasömu búi þar sem suma tíma voru tuttugu manns í heimili, jarðabótamenn, kaupafólk, gamalmenni, krakkar. Ég varð aldrei var við annað en að við gætum veitt okkur hvaðeina sem við kærðum okkur um alla mína æskutið, eða eins og segir í fornu orðtaki: áttum einskis í bú að biðja. Ég var sjö ára þegar ég var fyrst vaninn við fiðlu; þá barnafiðlu hefur faðir minn hlotið að útvega með fyrirhöfn úr einhverjum fjarlægum stað. Seinna voru mér kend undirstöðuatriði á orgel-harmoníum og loks píanó. Tólf ára var ég fyrst settur til menta í höfuðstaðnum og átti að gera úr mér tónlistamann; en ég var þá farinn að setja saman langar skáldsögur og sló slöku við tónlistina. Um fermingu var ég látinn fara í mentaskóla og hefði getað orðið mentaður maður ef mér hefðu enst til þess gáfur, en því fór fjarri: ég hafði hvorki þolinmæði til að sitja á skólabekk, fanst ég vera að eyða tím-anum meðan ég sat þar; né hafði ég skap til að lesa aðrar námsgreinar en þær sem skírskotuðu til persónulegs áhuga míns. Ég féll meira að segja á stúdentsprófi í Reykjavík þó ég hefði lagt á mig að fara í skóla bæði hjá frökkum og einglendíngum, gæti snarað venjulegum latneskum texta óbundnum án þess að hafa séð hann áður og kynni frönsku næst móðurmáli mínu, a. m. k. í tali.

Eftir að faðir minn dó og ég var farinn úti heim 17 ára gamall hélt móðir mín áfram að reka bú á laxnessjörðinni enn um nokkurra ára skeið meðan systur mínar tvær voru að vaxa úr grasi; síðan

lét hún jörð sína og keypti húseign í Reykjavík og átti þar heimili til æviloka. Hún var upphaflega reykjavíkurstúlka og

kunni aldrei við sig í sveit þó hún byggi þar af skyldu í meira en tuttugu ár.

Þorralótsannáll, framhald.....:

hetjusögur af þeim Hrisbrúingum öllum, allt aftur til Egils skalla og fram til dagsins í dag. Um það bil er sögubrunnur Ólafs bónda var uppurinn kom frú Ása frá mjöltum með 25 lítra mjólkurbrúsa undir annarri hendinni og bauð ferðamönnum spenvolga nýmjólk að drekka áður en þeir héldu ferð sinni áfram yfir skriðuna að prestsetrinu að Mosfelli. Þegar þangað kom var knúið dyra á hinu stásslega nývirki sem byggt var nýverið yfir þau guðsvoluðu prestshjón. Klerkur var ekki heima, hafði skroppið í bæinn að kaupa meira messuvín en sóknamefndin, sem var frekar drykkfelld, var nýbúin að vera í heimsókn. Prestmaddaman er nýmóðins og bauð því gestum ekki til stofu.

Þegar komið var að Laxnesi sigaði Póri, sem var nýskriðinn undar rúmbæli sínu, hundunum á gestina og sagðist vera búinn að fá nóg af þessum helvitis kjaftaskjóðum sem tröllriðu öllu í dalnum nú orðið og bað þá fara til andskotans og enn lengra ef þeir kæmust og mættu þeir aldrei þrífast.

Á Hraðastöðum stóðu þeir feðgar á hlaði úti með hendur í vösunum og vindil í öðru munnvikinu og blésu reyknum út um hitt svo skeggjuð andlit þeirra hurfu í kófið. Þeir þekktu sauðfé betur en aðrir menn kunnu markaskrána utan að en höfðu aftur á móti aldrei flett *Bifliunni*. Þurfti ekki lengi að biða þess að þeir segðu sögur af morauðum forystuhrútum, hundum og öðru metfé sem þeim hafði fylgt í gegnum tíðina. Undir sögum af smalamennsku á Mosfellsheiði sofnaði undirritaður. Verður því framhald ferðarinnar að koma síðar.

Birgir Sigurðsson

SS GÍSLASON
VIÐGERÐIR ehf.
Völuteigi 25



**HROSSA-
RÆKTUNARBÚID**

**ÓLAFS-
HAGI**

...Á HORNINU

Nýsmíði • viðhald • hönnunarráðgjöf
Skógarkot ehf. er byggingafyrirtæki sem hefur áralanga reynslu af nýbyggingum, viðhaldi og viðgerðum.

Ívar Örn Þrastarson, sími 6967594

Svipmyndir frá þorrablóti Dalbúa





Gammelt landakort

Fyrir 100 árum voru danskir herforingjar hér á landi og fóru víða. Þeir mældu landið nokkuð nákvæmlega og var vinna þeirra grundvöllur að umsvifamikilli kortaútgáfu á vegum danskra yfirvalda. Fyrstu áratuginu var það danskir landmælingastofnunarinnar sem gaf kortin út en eftir seinna stríð tóku Landmælingar Íslands við þessu verkefni.

Á meðfylgjandi korti herforingjanna frá árinu 1909 má sjá hvernig umhórfv var í Mosfellsdal snemma á 20. öld. Reiðleiðin lá skammt norðan við Varmárbæinn, yfir Varmá hjá Hængsmel og um Ása eins og bjóðvegurinn liggur í dag. Frá Víðirodda

landsímalína er komin í Dalinn. Símtöð var í Laxnesi og var Halldór Guðjónsson staðgengill foreldra sinna á stöðinni. Hann segir svo frá í endurnýnningarbókinni *Í túninu heima*, bls. 217: „Ekki var ég heldur snokinn fyrir að fara í sendiferðir á aðra bæi, sem oft var skyldugt, því hjá okkur var landsímtöð; við höfðum svarskyldu 3–4 tíma á dag og áttum þarðauki að sækja útum allar jarðir menn sem kvaddir voru til viðtals í síma. Heldur þótti mér amasamt að annast símaavörslu meðan ég var að skrifa skáldsögur. Þegar mér fundust símhringingar gánga úr hófi á þingvallalínunni



(Tjaldanesi) lá leiðin upp með Köldukvísi og yfir stærstu bugðurnar, síðan áfram sunnan við Kýrqiil í átt að Skeggjastöðum.

Árið 1909 var bílvegur ekki kominn í dalinn en sjá má leið sem liggur frá Laxnesi í átt að Bríngum. Hún var gerð að frumkvæði Guðjóns Helgasonar í Laxnesi og fullbúin árið 1910. Enn má sjá móta fyrir þessari götu. Á kortinu má einnig sjá hvar leið liggur um Skammadal og niður hjá Þartabæjunum í sunnanverðum Mofellsdal. Kortið sýnir ennfreður að

um ferðamannatímann á sumrin átti ég til að loka línunni austur, einkum og sérílagi ef ég var að skrifa áhrifamikinn kapitula.

Það mæltist illa fyrir að strákurinn í Laxnesi var farinn að loka símalínunni til Þíngvalla þegar hann nenti ekki að ansa; stöðin í Laxnesi fékk opinbera áminningu frá stjórn Landsímans.“

Atarna eru merkilegar játningar verðandi skálds sem var að æfa sig að skrifa heimsbókmenntir.

Veiditölur frá Guðna

Hér koma veiðitölur
árins 2010 fyrir
Mosfellsbæ, samkvæmt
upplýsingum frá Guðna
Bjarnasyni skyttu á
Hraðastöðum:

Guðni vann fjögur greni
með átta fullorðnum
dýrum og 17 yrðlingum.
Grenin voru í Skollurð í
sunnanverðu

Grímannsfelli, við
austanvert Leirvogsvatn, við Moldbrekkur og í Seljadalsbrúnum.
Einnig skaut Guðni 28 hlaupadýr á Mosfellsheiði. 44 minkar lágu í
valnum fyrir Guðna, flestir við Leirvogsá, og 3–400 sílamávar, flestir í
Leiruvogi.



GNÁ ehf. Viðhald og sprautun innréttinga. Garðar Hreinsson, sími 8947200



Vinnustofa Þóru á Hvirfli er opin
eftir samkomulagi, s. 566-7098 og 820-0321.

Dýralæknirinn Mosfellsbæ

Þverholti 2, Kjarna
Símar: 566-5066 6600-633

Mosblikk ehf

Hestakerrur sími 894-1236

**Ferðapjónustan
og bókaútgáfan**

FRÁ HVIRFLI TIL ILJA

Sími: 566-7098, 820-0320

Netfang: bjabja@ismennt.is

Bjarki Bjarnason

Bifreiðaverkstæði
Guðvarðar og Kjartans
Sími 566-6257

REYKJABÚIÐ

Reykjum • 270 Mosfellsbæ • Sími 566-6800



Margrét Ponzi Brennholti

Fædd 2. maí, 1961
dáin 18. mars, 2010



Elskulega vinkona mín, Margrét, er látin. Við vorum smástelpur þegar við kynntumst í Varmárskóla í Mosfellsbæ. Hún var greind, listræn og skapandi. Mótuð af uppeldi móður, sem hefur helgað líf sitt söng og tónlist, annars vegar og hins vegar af föður sem helgaði líf sitt listinni. Menningarleg áhrif þriggja þjóða þar sem faðir hennar var af ítölskum ættum innflytjenda sem fluttu til Ameríku. Tvítýngd frá þeim degi er hún byrjaði að tala, þar sem á heimilinu var töluð íslenska og enska. Fjölskyldan flutti í Mosfellsdalinn og byggði sér bæinn Brennholt.

Margrét var náttúrubarn sem elskaði sólina og gjafir jarðarinnar. Strax í barnaskóla var ljóst að Margrét legði fyrir sig tónlistarnám. Hún lærði á píanó og seinna lærði hún söng. Drifin áfram af þeirri hugsjón að skylda sérhvers manns væri að finna hæfileikann sem hver og einn hlýtur í vöggugjöf og rækta hann, hélt Margrét út í heim að freista gæfunnar.

Ítalskar rætur Margrétar leiddu hana til Ítalíu þar sem hún settist að ásamt þáverandi eiginmanni sínum, honum Óla. Þar ól hún upp börnin sín og eignaðist trausta vini sem stóðu með henni í veikindum hennar. Í ljós kom einstök samheldni þar sem allir leggja sitt af mörkum til þess að börnin hennar geti búið áfram saman þar sem þau eru alin upp.

Áhugamál Margrétar voru mörg. Fyrir utan áhuga á klassískri tónlist og klassískum söng, fékk hún áhuga á ýmsu öðru, t.d. stjörnuspeki. Hún vildi skilja tilganginn með þessu jarðlífi og voru henni hugleiknar spurningar sem vörðuðu lífið eftir dauðann. Hún trúði líka á endurholdgun: að við hefðum fæðst áður og verið eitthvað annað í fyrri lífum.

Hjónabandi þeirra Óla lauk. Hún ákvað að búa áfram á Ítalíu, lauk sjúkraliðanámi og annaðist aldraða. Hún sinnti söngnum jöfnum höndum og hélt tónleika, stjórnaði kirkjukórum og kenndi söng. Þá lærði hún að verða Suzuki-söngkennari barna og

Gandur ehf.

Öll almenn
járnsmíði og
vélaviðgerðir

Sími 6968523



EIGNAMIÐLUN
Mosfellsbæ

Sími 5868080

Íslandsgröfver ehf.

**Leitið ekki langt
yfir skammt!**

**Grafan er í
Dalnum!**

Sími 896 8916

og ófrískra kvenna. Hún var ætíð reiðubúin að taka á móti hópum frá Íslandi sem ferðuðust til Ítalíu.

Margrét hafði enga sérstaka trú á læknavísindum og alls enga trú á lyfjum. Þegar hún greindist með krabbamein las hún sér til um sjúkdóminn og læknismeðferðir. Hún sá fljótlega að það yrði á brattann að sækja. Margt benti til þess að hefðbundnar læknisáðferðir, sem gagnast mörgum tegundum krabbameina, hentuðu ekki fólki með þá tegund sem hún var með. Hún lagðist því í að skoða óhefðbundin læknisráð og notaði þau ásamt hefðbundnum læknisáðferðum.

Eftir erfiðan hjónaskilnað endurheimti hún ástina með Ivano, ítölskum öðlingi, sem reyndist henni og börnum hennar vel.

Margrét var hugmyndarík og fylgin sér. Nú kveð ég hana, þakklát fyrir okkar góðu kynni. Það sem skipti mestu máli í lífi Margrétar voru börnin hennar. Ég veit að þau hafa fengið gott veganesti úr uppeldinu. Nú tekur Ástríður við hlutverki móður sinnar og saman ætla systkinin að halda heimili á Ítalíu.

Ég bið góðan Guð að vaka yfir þeim og móður hennar og bróður sem öll hafa misst mikið. Minningin um Margréti lifir með okkar alltaf.

Jóhanna Friðriksdóttir.

Sjáumst hress á þorrablótinu!



Þverholti 2, Kjarna



ÍSFUGL

Ísfugl

Reykjavegur 36 Mosfellsbær
Sími 5666103—Fax 5666762

ÁK verktakar

eru fluttir í Mosfellsbæ!

Pípulagningaþjónusta
Breytingar—viðhald—viðgerðir

Fljót og góð þjónusta

*Kristinn Ingvarsson,
pípulagningamaður,*

Sími 8994677

astasigvalda@simnet.is



Dalsgarður

— við gerum rósir

Blómasala alla daga

kl. 9.00-13.00

Dalsgarði Mosfellsdal

Gísli Jóhannsson rósabóndi / rosefarmer
Dalsgarður, 270 Mosfellsbæ, Ísland
Sími/tel: +3545667490

Markaðurinn í Dalnum



Myndir Rafn Jónsson



Þessar svipmyndir voru teknar á markaðnum í sumar. Mikil örtröð myndaðist á laugardögum og voru dæmi um að menn þyrftu að biðja vel á annan tíma til að fá afgreiðslu. En biðin var þess virði! Glænýtt grænmeti og fiskur, handverk og heimatilbúið gourmet!

Markaðurinn hefur verið starfræktur á annan áratug við síauknar vinsældir og er ómissandi þáttur í lífi Dalbúa og annarra viðskiptavina.

Vard úti á Grímannsfelli



Heyskapur í Seljabrekku á góðum degi með Grímannsfell í fjaraska. Árið 1860 varð bóndinn á Suður-Reykjum úti á fjallinu en ferðafélagi hans bjargaðist niður í Helgadal. Gunnar Rúnar Ólafsson tók myndina.

Grímannsfell er hæsta fjall Mosfellsbæjar og þar geta veður orðið válynd eins og sjá má á þessari frásögn úr blaðinu *Þjóðólfi* frá 10. mars 1860:

„– 4. þ. mán. [Fjórða þessa mánaðar] varð úti uppi á Grímannsfelli heim í leið, V í g f ú s bóndi M a g n ú s s o n á syðri Reykjum í Mosfellssveit, var hann á ferð, ríðandi, með öðrum manni, en þeir villtust báðir í bilnum, og héldu þó lengi sömu leið og rétta leið báðir, en þegar þeir höfðu farið villir um hríð, misti hinn fótanna sem með var, og hrapaði ofan eptir hlíð einni, en þegar hann komst á fætr aptr og upp hæðina, gat hann hvergi hitt Vigfús né húað hann uppi, fór hann svo, viltur, leiðar sinnar og rak sig um nóttina á bæinn að Helgadal og lagðist þar fyrir; en hvorki var bóndi heima né aðrir færir menn fyrir, er mætti fara að leita Vigfúsar, og drógst því leitinn; en hann fannst síðar upp á Grímannsfelli, örendr, og hestrinn þar skammt frá; Vigfús heitinn var hniginn á efra aldr, atorkumaðr og vel látinn.“



Vindhóll.is

Reiðskólinn Vindhóll

Reiðnámskeið verða í sumari í Vindhóli kl. 9—16.

Heitur matur í hádeginu.

Kynnið ykkur námskeiðin

Upplýsingar gefur Anna Bára,

sími 861 4186.

Ágætu lesendur Dalalæðunnar

Árlega sendir stjórn Vighóls giróseðla inn á öll heimili í Mosfellsdal, að upphæð 1.500 krónur. Þar er um að ræða árgjald félagsins og styrk fyrir *Dalalæðuna*. Í fyrra brugðust menn fljótt og vel við og er það þakkað. Dalbúar eru hvattir til að greiða giróseðilinn eða leggja upphæðina inn á reikning félagsins sem er 0315-13-700185. Kennitala Vighóls er 641198-2779. Frjáls framlög brottfluttra Dalbúa eru einnig vel þegin!

Með bestu kveðjum,
Rafn Jónsson, formaður Vighóls.
Þóra Bjarnadóttir, gjaldkeri.

Annáll ársins 2010

Ályktun síðasta aðalfundar

Aðalfundur Vígólís í fyrra var haldinn 15. febrúar og sóttu hann um 40 manns. Gestur fundarins var Tómas Guðberg Gíslason, umhverfisstjóri Mosfellsbæjar. Umhverfismál dalsins voru því í brennidepli og sköpuðust líflegar umræður, sérstaklega um mengunarmál af ýmsum toga. Gerðar voru alvarlegar athugasemdir um mengun frá starfsemi í dalnum, en bent var á að einnig bærist mengun frá rotþróum sem ekki væri rétt gengið frá, auk mengunar frá áramótabrennu sem undanfarin ár hefur verið við Köldukvísl í landi Mosfellskirkju. Umhverfisstjóri kom þessum athugasemdum fundarins á framfæri og bárust svör frá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis þar sem fram kom að málin væru í réttum farvegi.

Fundurinn samþykkti einnig ályktun til Vegagerðarinnar um úrbætur í öryggismálum á Þingvallavegi. Svar barst frá Vegagerðinni 23. mars þar sem ábendingarnar voru þakkaðar. Þar kom fram að Vegagerðin tekur til skoðunar uppsetningar vegriðs á Ásum enda sé verið að vinna að vegriðsáætlun fyrir höfuðborgarsvæðið um þessar mundir. Varðandi handrið á göngustíg er Vegagerðin þeirrar skoðunar að það mál sé á könnu sveitarfélagsins. Undirgöng við Laxnes verða tekin til skoðunar við gerð vegaáætlunar 2011–2012. Hreinsun skurða telur Vegagerðin að sé á könnu sveitarfélagsins þar sem viðhald þeirra sé ekki í þágu vegarins nema að litlu leyti. Þess má geta að sveitarfélagið beitti sér fyrir því að hreinsað var upp úr skurðum frá Mosskógum og niður að Ásum í sumar eftir ábendingu frá stjórn Vígólís um verktaka sem tók verkið að sér á hagstæðu verði. Að lokum segir í bréfi Vegagerðarinnar að umferðarhraði

í dalnum verði ræddur á fundi með lögreglu. Það er því óhætt að segja að málin þokist áfram, þótt á hraða snigilsins sé.

Á aðalfundinum gekk Garðar Hreinsson úr stjórn Vígólís og eru honum þökkúð vel unnin störf. Við sæti hans tók Jón Jóhannsson Mosskógum.

Áramótavarðeldur í Helgadal

Áramótavarðeldurinn hefur verið þyrnir í augum heilbrigðisyfirvalda undanfarin ár, því hann hefur verið staðsettur of nálægt ánni, auk þess sem engin leyfi hafa verið fyrir þessum eldi.

Um síðustu áramót varð breyting á Helgadalsrétt hefur að mestu lokið hlutverki sínu og varð eldinum að bráð. Dalbúar fjölmenntu á réttarstæðið og áttu ánægjulega stund. Þó varð nokkurt uppnám þegar eldur barst í dæluskúr rétt hjá eldstæðinu en vaskir dalbúar komu í veg fyrir störtjón. Stjórn Vígólís hefur rætt við marga um framtíðarstað fyrir brennuna og list mönnum vel á réttarstæðið í Helgadal. Ekki er óhugsandi að brennan fái að vera þar áfram, en þó með miklum takmörkunum. T.d. er óþolandi að vöru- og sendibílstjórar komi með stóra farma af eldivið sem þeir sturta í brennustæðið án eftirlits eða samþykkis.

Þorablótið

Þorablótið fór fram með hefðbundnum hætti og skemmtu allir sér vel. Aðstandendum blótsins eru þökkúð vel unnin störf og eru Dalbúar hvattir til að mæta á þorablótið nú um helgina.

Aðalfundur í febrúar

Á aðalfundi Vígólís sem haldinn verður nú í febrúar gefst Dalbúum tækifæri að halda áfram umræðu um málefni dalsins, því byggingafulltrúi og bæjarverkræðingur verða gestir fundarins. Ekki er að efa að menn hafa ýmislegt við það góða fólk að tala!